

SuB



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

NESJAVELLIR

Hola NJ-15, 4.áfangi


Upphitun, upphleyping, blástur og jöfnun þrýstings
eftir blástur

Ómar Sigurðsson og Einar Gunnlaugsson

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur

OS-88023/JHD-13 B

Júní 1988



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

Verknr.: 611113

NESJAVELLIR

Hola NJ-15, 4.áfangi

Upphitun, upphleyping, blástur og jöfnun þrýstings
eftir blástur

Ómar Sigurðsson og Einar Gunnlaugsson

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur

OS-88023/JHD-13 B

Júní 1988

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	3
2. YFIRLIT YFIR TÍMABILIÐ 21. NÓV. 1985 - 4. DES. 1986	3
3. MÆLINGAR Í UPPHITUN	4
3.1 Vatnsborð	4
3.2 Þrýstingur	6
3.3 Hiti	6
4. UPPHLEYPING	7
5. AFL OG AFKÖST	9
6. EFNI Í JARÐHITAVÖKVA	9
7. JÖFNUN ÞRÝSTINGS EFTIR BLÁSTUR	15
7.1 Lokun holu NJ-15	15
7.2 Holutoppsþrýstingur við lokun	16
7.3 Þrýstingsjöfnun holunnar	16
7.4 Niðurstöður þrýstingsjöfnunar.	18
8. VATNSBORÐSBREYTINGAR Í HOLU NG-10	18
HEIMILDIR	19
MYNDIR	20
VIÐAUKI	45

1. INNGANGUR

Hola KJ-15 er staðsett innarlega í austanverðum Nesjavalladal, í kvos undir Stangarhálsi við mynni Köldulaugargils. Hún var boruð í 1748 m og er steipt 9 5/8" vinnslufóðring í 790 m. Raufaður 7 5/8" leiðari er frá 739 m og niður í 1040 m en þaðan er 7" leiðari í 1722 m dýpi, en 18 m botnfall var í holunni.

Holan var nokkuð lengi að hitna upp, en einnig var dregið að blástursprófa hana þar sem hún var notuð sem mælingahola, þegar lágvermi holum á Nesjavöllum var lokað vorið og sumarið 1986. Þeim athugunum lauk í lok október sama ár og var holunni hleypt í blástur 4. desember 1986. Blés holan til 13. júlí 1987 en þá var henni lokað og fylgst með þrýstingsjöfnun holunnar. Þeirri athugun lauk í október 1987 og hefur holan staðið lokað síðan.

Samantekt um borun og rannsóknir gerðar á holu NJ-15 fram til 1. maí 1986 hefur verið birt í skýrslu um holuna (Benedikt Steingrímsson o.fl. 1986). Auk þess hefur verið greint frá vatnsborðsbreytingum í holunni þegar lágvermi holum á Nesjavöllum var lokað sumarið 1986 (Ómar Sigurðsson 1987). Í þessari skýrslu er fjallað um upphitun og upphleypingu holunnar, og einkum blástursprófun hennar og þrýstingsjöfnun eftir blástur. Verkið var unnið í samvinnu af Hitaveitu Reykjavíkur og Jarðhitadeild Orkustofnunar og unnu eftirtaldir starfsmenn að verkinu auk höfunda: Benedikt Steingrímsson, Grímur Björnsson, Guðjón Guðmundsson, Guðni Guðmundsson, Guðlaugur Hermannsson, Jósep Hólmjárn frá Orkustofnun og Jóhann Kristjánsson, Sigurður Jónsson, Ívar Sigurðsson og Sigurður Þorvaldsson frá Hitaveitu Reykjavíkur.

2. YFIRLIT YFIR TÍMABILID 21. NÓV. 1985 - 4. DES. 1986

Upphitun holu NJ-15 hófst 21. nóvember 1985, skömmu eftir að þrepaðælingu lauk. Fylgst var með upphituninni með vatnsborðs-, hita- og þrýstimælingum eins og fram kemur í töflum 1 og 2. Upphitun holunnar reyndist hæg og hitnaði holan lítið í efstu 500 m. Vatnsborð steig einnig rólega, en þegar dælingu kælivatns var hætt í þrepaðælingu var stöðugt vatnsborð holunnar á um 307 m dýpi. Sex dögum síðar var það á 216,5 m dýpi og um tveim mánuðum frá því upphitun hófst var vatnsborð á um 158 m dýpi. Vatnsborðshækkunin var þá orðin hæg og stefndi að jafnvægi á um 140 m dýpi. Holu NG-10 var svo lokað 9. júní 1986 og tók þá vatnsborð í holu NJ-15 að hækka nokkuð aftur og fór hæst á um 134,5 m dýpi, er athugunum vegna lokunar lágvermihola lauk í október 1986. Þótti því líklegt að nota þyrfti bullu til að ná holunni í gos.

Til að auðvelda upphleypingu var fyrst dælt lofti á holuna til að þrýsta vatnsborðinu niður og hita þannig upp hluta af vatnssúlunni í efri hluta holunnar. Loftdæling hófst 15 október og var holunni haldið undir 35-39 bar þrýstingi þar til 28. október. Þá var loftinu hleypt af og kom holan þá strax upp. Lokað var strax fyrir hana aftur vegna fyrirhugaðra mælinga í holu NG-10. Var þá ljóst að ekki þyrfti bullu til að ná holunni í blástur. Lofti var aftur dælt á holuna og henni haldið undir 30-40 bar þrýstingi þar til 4. desember 1986 þegar holunni var hleypt í blástur.

TAFLA 1. Hita- og þrýstimælingar í upphitun

Dagsetning	Tími	Mælingar	Athugasemdir
85.10.21	(11:47)		Dælingu hætt (40,6 l/s)
85.10.27	14:00-15:00	GO-hitamæling	
85.10.27	16:20-17:45	Am. hitamæling	
85.10.27	18:00-18:55	Am. þrýstimæling	
85.11.01	17:00-18:00	GO-hitamæling	
85.11.02	13:10-17:45	Am. hitamæling	Samsett úr 2 mæliferðum. Klukkan stoppaði í 800 m
85.11.13	18:20-18:50	GO-hitamæling	
85.11.13		Am. hitamæling	
85.11.13		Am. þrýstimæling	
85.12.05	16:30-17:30	GO-hitamæling	
85.12.05		Am. hitamæling	
86.01.16		GO-hitamæling	
86.01.16	15:40-17:00	Am. hitamæling	
86.01.16		Am. þrýstimæling	
86.04.02	13:15-14:45	Am. hitamæling	
86.06.15	17:16-18:00	Am. þrýstimæling	
86.10.11	13:35-13:50	GO-hitamæling	
86.10.11	14:20-15:50	Am. hitamæling	
86.10.11	16:20-	Am. þrýstimæling	
86.10.15			Lofti dælt á holu Po = 16,5 bar
86.10.28			Lofti hleypt af, hola uppi
86.10.30			Reynt að hleypa holu í blástur
86.12.04	14:03		Holu hleypt í blástur

3. MÆLINGAR Í UPPHITUN

Upphitun holu NJ-15 stóð frá kl. 11:47 þann 21. október 1985 er þrepaðælingu við borlok lauk og til kl. 14:03 þann 4. desember 1986 er holan byrjaði að blása. Á þessu tímabili voru gerðar sjö hitamælingar og fimm þrýstimælingar, auk þess sem vatnsborð var mælt reglulega.

3.1 Vatnsborð

Þegar þrepaðælingu við borlok var hætt fór vatnsborð lægst á um 307 m dýpi miðað við kraga á aðaloka. Sex dögum síðar var gerð fyrsta hita- og þrýstimælingin í upphitun holunnar og var vatnsborð þá á 216,5 m dýpi. Segja má að vatnsborð hafi stigið hægt og var 1. júní 1986 á 145,1 m dýpi

(tafla 2). Vatnsborð hækkaði þá að jafnaði um 3 cm/dag (mynd 1). Þann 9. júní 1986 kl. 14:01 var lokað á blástur úr holu NG-10 til að kanna niðurdrátt og jöfnun þrýstings í jarðhitakerfinu við holuna. Fljótlega eftir það kom í ljós að vatnsborð holu NJ-15 steig örar eftir lokun holu NG-10 en fyrir, sem benti til þrýstitengsla milli holanna (mynd 1). Í upphitun var vatnsborð síðast mælt 11. október 1986 á 134,5 m dýpi í NJ-15.

TAFLA 2. Yfirlit yfir vatnsborðsmælingar í holu NJ-15

Dagsetning	Tími	Vatnsborð (m)	Athugasemdir
851021	14:00	307,00	Lok þrepadælingar
851027	15:00	216,15	
851101	18:00	199,45	
851113	18:00	177,45	
851205	16:30	158,45	
851220	15:00	157,45	Vatnsborð miðuð
851230	18:00	155,05	við kraga á
860108	18:00	154,05	aðaloka
860116	15:00	153,65	Vatnsborð leiðrétt
860127	18:00	151,89	þannig að samræmi
860204	18:00	151,65	sé milli mælinga
860210	18:00	150,55	gerðum af HR og OS
860215	18:00	149,85	
860223	18:00	149,75	
860303	18:00	148,85	
860309	18:00	148,05	
860315	17:00	148,05	
860324	16:30	147,75	
860402	13:00	147,15	
860408	16:00	146,75	
860420	17:00	146,25	Búið að taka ofan
860426	16:30	146,15	af holu 3" loka
860504	16:30	146,00	
860511	15:00	145,87	
860513	14:00	145,62	
860519	17:00	145,93	Óviss mæling
860525	16:30	145,85	Óviss mæling
860601	16:15	145,07	
860611	20:00	142,67	Holu NG-10 lokað
860612	20:00	142,37	9/6 1986 kl. 14:01
860613	21:00	141,97	
860614	19:00	141,95	
860615	17:10	141,72	
860616	19:20	141,50	
860618	15:00	141,35	
860619	18:48	141,18	
860622	18:00	140,78	
860629	18:00	139,85	
860703	17:00	139,45	
860713	18:00	138,85	
860719	16:30	138,55	
860722	17:10	138,45	
860729	18:00	137,95	
860804	16:30	137,62	
860810	18:00	137,40	

Dagsetning	Tími	Vatnsborð (m)	Athugasemdir
860818	18:00	137,15	
860820	14:00	137,10	
860831	17:00	136,18	
860908	18:00	136,10	
860913	17:00	136,03	
860921	18:00	135,55	
860928	16:30	135,16	
861005	18:00	134,81	Óviss mæling
861011	13:30	134,51	

3.2 Þrýstingur

Á myndum 2 og 3 eru sýndar þrýsti-mælingarnar fimm sem gerðar voru í upphitun. Vendipunktur kemur fram í mælingunum á um eða rúmlega 1400 m dýpi, sem bendir til þrýstijafnvægis á því dýpi. Þrýstingur mældist þar um 108,5 kg/cm² (106,4 bar) og hefur æðin á 1422 m dýpi því stjórnað þrýstingnum í upphitun holunnar. Í borun var ekki mældur þrýstingur við aðrar vatnsæðar (vatnsborð), en við allar æðar varð skoltap. Í ádælingu við borlok virtist mest skoltap vera í æðarnar á 1422 m, 1518 m og 1605 m dýpi, en smærri æðar eru auk þessara ofar í holunni.

3.3 Hiti

Hitamælingarnar sjö sem gerðar voru í upphitun holunnar eru sýndar á myndum 4 og 5, en á myndum 6, 7 og 8 eru hitamælingarnar úr efri hluta holunnar einnig sýndar, auk mælingar sem gerð var eftir þrepaðælingu í borlok. Holan fékk langan tíma til að hitna eftir borun. Í upphitun gætti hvergi suðu í holunni og rennsli milli æða hefur verið lítið sem ekkert. Því verður að telja að síðustu hitamælingar fyrir upphleypingu sýni allvel berghitaferil holunnar og styðja mælingar gerðar eftir blástur holunnar þá skoðun.

Upphitun holunnar var mjög hæg, en nær fljótt jafnvægi ofan 500 m dýpis enda berghiti þar lágur. Viðsnúningur kemur

fram í hitaferlum bæði fyrir og eftir blástur og virðist holan vera um 10-20°C kaldari á dýptarbilinu 1400-1600 m, þar sem helstu vatnsæðar holunnar eru, heldur en ofan og neðan þess. Botnhiti (1709 m) hefur hæstur mælst 302°C. Í töflu 3 eru birt reiknuð þrýstigildi út frá mælipunkti á 1400 m dýpi og líklegur berghiti við holuna fyrir ótruflað ástand.

Við gerð töflu 3 er stuðst við síðustu tvær hita- og þrýstimælingarnar sem gerðar voru í upphitun holunnar. Í eldri skýrslu um borun og rannsóknir í holu NJ-15 fram til 1. maí 1986 er birt svipuð tafla, en þar er stuðst við mælingar frá fyrri hluta upphitunartímabils holunnar (Benedikt Steingrímsson o.fl. 1986). Munurinn á þessum tveim töflum er að þrýstingur á 1400 m dýpi mælist um 1,0 kg/cm² (0,98 bar) hærri undir lok upphitunartímabils holunnar, en á fyrri hluta þess. Þá er viðsnúningur hitaferilsins einnig staðfestur, en ekki hafði verið tekið tillit til þess við gerð eldri töflunnar.

TAFLA 3 Nesjavellir hola NJ-15. Líklegur berghiti og þrýstingur

Dýpi (m)	Berghiti (°C)	Þrýstingur á vatnsæðar (kg/cm ²)	(bar)
200	62	7,2	7,1
300	34	17,1	16,8
400	53	27,0	26,5
500	109	36,7	36,0
600	170	45,9	45,0
700	212	54,6	53,5
800	247	62,9	61,7
900	265	70,8	69,4
1000	273	78,5	77,0
1100	278	86,1	84,4
1200	282	93,6	91,8
1300	287	101,0	99,0
1400	271	108,5	106,4
1500	268	116,2	114,0
1600	276	123,8	121,4
1700	295	131,2	128,7

4. UPPHLEYPING

Undirbúningur upphleypingar holu NJ-15 hófst 15. október 1986, með því að lofti var dælt á holuna. Tafla 4 sýnir breytingar á þrýstingi meðan þessi aðgerð fór fram.

Fyrst stóð holan með um 35-37 bar þrýstingi í 10-12 daga og var þá loftinu hleypt af henni til að athuga hve hátt vatnsborðið færi. Við þetta kom holan í blástur (28. október), en var strax lokað aftur vegna fyrirhugaðra mælinga í holu NG-10. Lofti var strax dælt aftur á holuna og áætlað að hleypa holunni í gos 2 dögum síðar. Þessi stutti tími dugði ekki til að koma holunni í blástur. Um mánaðamótin var aftur byrjað að dæla lofti á holuna, en illa gekk að halda loftpressunni gangandi. Eftir viðgerðir á pressu var aftur byrjað að dæla lofti á holuna 24. nóvember.

Holunni var síðan hleypt í blástur 4. desember eftir að hafa staðið með 35-40 bar þrýsting í 10 daga.

TAFLA 4. Fyrsti hluti upphleypingar, loftdæling

Dags.	Tími	Þrýstingur	Athugasemd
86.10.15	15:00	0	Byrjað að dæla lofti
86.10.15	16:10	0,5	
86.10.15	19:50	13,0	
86.10.15	21:50	16,5	
86.10.16	08:55	27,5	Stöðvað vegna bilunar
86.10.17	08:30	27,0	Ræst aftur
86.10.17	11:05	30,0	
86.10.17	16:40	35,5	
86.10.17	19:00	36,5	Stöðvað
86.10.18	08:50	36,1	
86.10.18	14:15	35,8	
86.10.19	08:50	35,2	Ræst
86.10.19	13:00	37,8	Stöðvað
86.10.20	08:50	35,8	
86.10.20	21:30	35,2	
86.10.21	11:50	34,8	Ræst
86.10.21	14:30	38,0	Stöðvað
86.10.22	22:00	37,0	
86.10.23	09:00	35,0	
86.10.24	15:00	34,0	
86.10.25	10:00	33,0	
86.10.26	13:00	31,0	Ræst
86.10.26	21:00	35,0	Stöðvað
86.10.27	22:00	34,5	
86.10.28	09:00	39,0	
86.10.28	16:40		Lofti hleypt af holunni, holan kom upp, lokað fyrir vegna fyrirhugaðra mælinga
86.10.28	17:10	0	Pressa sett í gang
86.10.28	22:00	10,0	Stöðvað vegna bilunar
86.10.28	10:00	8,0	Ræst
86.10.29	11:50	11,0	Stöðvað vegna viðgerðar
86.10.29	20:00	10,4	Ræst eftir viðgerð
86.10.29	22:00	15,0	
86.10.30	08:15	28,0	
86.10.30	14:30	33,5	
86.10.30	16:45		Lofti hleypt af, ekkert gerist
86.10.30	18:30	0	Pressa sett í gang
86.10.30	21:40	9,8	
86.10.31	08:13	25,5	
86.10.31	18:00	31,8	
86.10.31	22:00	35,0	Stöðvað
86.11.01	11:00	28,0	Ræst
86.11.01	16:00	32,0	
86.11.01	19:00	33,0	
86.11.01	21:00	36,0	Stöðvað

Dags.	Tími	Þrýstingur	Athugasemd
86.11.02	08:50	28,0	
			Bilun í pressu
86.11.24	13:30	1,0	
86.11.24	22:00	18,0	
86.11.25	02:00	20,0	
86.11.25	09:00	31,0	
86.11.25	16:20	38,0	Stöðvað
86.11.26	09:20	36,2	
86.11.27	08:30	34,6	Ræst
86.11.27	11:30	38,0	Stöðvað
86.11.29	09:50	35,1	Ræst
86.11.29	14:00	40,0	Stöðvað
86.12.02	08:40	38,0	
86.12.03	13:10	37,9	

5. AFL OG AFKÖST

Hola NJ-15 blés stöðugt frá 4. desember 1986 til 13. júlí 1987, allan tímann í gegnum 161 mm stút. Allan tímann var 128 mm blenda við legglokann. Í lok blásturstímans var holutoppþrýstingur hækkadur með því að þrengja að leggloka. Aflmælingar á holunni eru sýndar í töflu 5 og blásturssagan sýnd á mynd 9. Á fyrstu tímum blásturs var mikið vatn í rennslinu, en eftir um 6 tíma blástur minnkaði vatnið mikið, en jókst síðan aftur næstu dagana. Vermí, holutoppþrýstingur og afköst endurspeglu þessa breytingu. Holutoppþrýstingur lækkaði með tíma svo og heildarafköst holunnar. Heildarrennslíð var í upphafi tæp 60 kg/s, en minnkaði niður í um 43-45 kg/s. Vermí holunnar var mestan tímann um 1400 kJ/kg. Það ber að hafa í huga að nokkur vatnsaustur var allan tímann úr hljóðdeifi, þannig að vermí reiknast heldur of hátt. Í varma gefur þessi hola um 65 MW_t við um 15 bar þrýsting.

6. EFNI Í JARÐHITAVÖKVA

Á blásturstíma holunnar voru tekin sjö sýni til efnagreininga. Flest voru þau tekin á fyrsta mánuði blásturs, en tvö þeirra seint á blásturstímanum.

Styrkur efna í heildarrennslí holunnar er sýndur í töflu 6. Á myndum 10 til 13 eru sýndar breytingar nokkurra efna í vheildarrennslí. Breytingar sem fram koma eru einkum vegna lækkunar á vermi holunnar með tíma. Þó kemur fram lækkun á sulfati sérstaklega á fyrri hluta blásturstímans. Lækkun á styrk sulfats og köfnunarefnis með tíma má túlka sem minnkandi áhrif skolvatns. Almenn lækkun á styrk gastegunda og aukning á styrk steinefna stafar af breytingum á vermi vökvans eins og glöggst sést á mynd 14, sem sýnir breytingar á styrk natríums og klóríðs með vermi. Lækkun á styrk flúors og aukning á styrk sulfats og sérstaklega magníums í lok blásturstímans má túlka sem áhrif frá köldu vatni.

Hlutföll nokkurra efna í rennslí er skráð í töflu 7. Breytingar á hlutföllum efna í rennslí með tíma eru óreglulegri en verið hefur í öðrum holum á svæðinu. Það stafar eflaust af breytilegu vermi auk breytinga sem verða vegna minnkandi áhrifa skolvatns. Þó má sjá að hlutfallið Na/Cl er nokkuð stöðugt svo og hlutfallið CO₂/H₂S.

TAFLA 5. Aflmælingar í holu NJ-15

Dags.	Kl.	Þver- mál stúts. mm	Po bar	Pc bar	Vatns- rennsli		Vermi H kJ/kg	Heild. rennsli Q kg/s	Gufa við		Athugasemd	
					cm	kg/s			1 bar-a kg/s	7 bar-a kg/s		MWt
861204	14:08 BS	161,0	19,0	4,00	22,6	32,06	1433	58,2	26,1	20,8	83	128 mm bl.
861204	14:30 BS	161,0	18,3	3,90	22,6	32,06	1421	57,7	25,6	20,3	82	
861204	14:45 BS	161,0	18,0	3,90	23,0	33,49	1393	58,9	25,4	19,9	82	
861204	16:15 EG	161,0	16,8	3,45	23,8	36,47	1280	59,0	22,5	16,7	75	
861204	20:35 EG	161,0	21,5	4,50	13,2	8,41	2199	39,8	31,4	28,9	88	
861205	12:00 EG	161,0	21,0	4,20	15,1	11,75	2032	41,2	29,4	26,6	84	
861206	12:00 EG	161,0	19,5	3,75	18,8	20,27	1688	46,3	26,0	22,2	78	
861207	11:00 EG	161,0	18,7	3,70	19,5	22,20	1626	47,7	25,5	21,5	78	
861208	15:00 SJ	161,0	17,4	3,50	20,4	24,84	1531	48,9	24,1	19,8	75	
861212	14:00 EG	161,0	16,7	3,20	20,0	23,65	1520	46,2	22,5	18,4	70	
861214	16:15 JK	161,0	16,2	3,30	20,2	24,24	1519	47,3	23,0	18,8	72	
861221	15:20 SJ	161,0	16,8	3,10	20,6	25,45	1459	47,2	21,7	17,4	69	
861228	17:00 ISJS	161,0	15,8	3,10	20,6	25,45	1459	47,2	21,7	17,4	69	
870104	15:00 SJ	161,0	15,0	2,90	21,1	27,02	1390	47,4	20,4	16,0	66	
870111	13:22 JK	161,0	15,2	2,80	20,9	26,38	1390	46,3	19,9	15,6	64	
870118	14:20 SJ	161,0	15,2	3,00	20,6	25,45	1444	46,6	21,1	16,9	67	
870125	13:40 JK	161,0	14,9	2,80	20,5	25,14	1420	45,2	20,0	15,9	64	
870201	14:37 SJ	161,0	14,3	3,00	20,7	25,76	1436	46,9	21,1	16,8	67	
870207	11:50 JK	161,0	14,6	2,80	20,7	25,76	1405	45,7	20,0	15,7	64	
870215	15:08 SJ	161,0	14,1	2,50	20,7	25,76	1355	44,0	18,2	14,1	60	
870222	13:30 JK	161,0	13,9	2,60	20,7	25,76	1372	44,6	18,8	14,6	61	
870301	15:00 SJ	161,0	17,2	2,80	20,7	25,76	1405	45,7	20,0	15,7	64	
870308	15:00 SJ	161,0	15,4	3,00	20,6	25,45	1444	46,6	21,1	16,9	67	
870315	15:15 SJ	161,0	15,6	2,70	19,7	22,77	1467	42,5	19,7	15,9	62	
870322	11:20 JK	161,0	15,5	3,10	20,5	25,14	1467	46,9	21,8	17,5	69	
870329	13:00 SJ	161,0	15,1	2,90	20,2	24,24	1459	45,0	20,7	16,6	66	
870406	11:45 JK	161,0	14,1	2,70	19,9	23,35	1451	43,0	19,7	15,7	62	
870412	10:40 SJ	161,0	15,3	2,70	19,9	23,35	1451	43,0	19,7	15,7	62	
870419	16:35 JK	161,0	15,4	3,00	20,1	23,94	1483	45,3	21,3	17,3	67	
870426	15:20 SJ	161,0	14,9	2,80	20,4	24,84	1428	44,9	20,1	15,9	64	
870504	10:23 JK	161,0	12,4	2,50	20,8	26,07	1347	44,3	18,2	14,0	60	
870510	15:25 SJ	161,0	15,0	2,80	20,2	24,24	1444	44,4	20,1	16,1	64	
870514	11:00 EG	161,0	14,5	2,45	20,5	25,14	1361	43,2	18,0	13,9	59	
870517	14:20 JK	161,0	14,4	2,60	20,2	24,24	1411	43,2	19,0	15,0	61	
870524	15:15 SJ	161,0	15,2	2,70	20,6	25,45	1396	44,9	19,4	15,2	63	
870531	13:58 JK	161,0	15,0	3,00	20,6	25,45	1444	46,6	21,1	16,9	67	
870608	10:50 SJ	161,0	14,4	2,60	20,4	24,84	1395	43,8	18,9	14,8	61	
870615	12:55 JK	161,0	14,0	2,90	20,7	25,76	1421	46,3	20,5	16,3	66	
870621	00:00 SJ	161,0	16,0	2,80	19,9	23,35	1467	43,6	20,2	16,3	64	
870628	18:00 JK	161,0	16,0	3,08	20,2	24,24	1487	46,0	21,7	17,6	68	
870705	13:00 IS	161,0	13,8	2,50	21,2	27,34	1317	45,4	18,0	13,7	60	
870706	14:00 EG	161,0	16,2	2,70	20,0	23,65	1443	43,3	19,6	15,7	62	
870712	15:30 SP	161,0	11,3	2,00	20,8	26,07	1253	41,3	15,3	11,2	52	

Útreiknaður djúphiti er sýndur í töflu 8. Kísilhita og alkalihita ber þokkalega vel saman og gefa þeir báðir meðalhita á bilinu 275-285°C. Þeim ber þannig vel saman við metinn berghita á því dýpi sem helstu vatnsæðar eru. Efnahitamælar sem byggja á styrk gastegunda sýna aftur á móti mun lægra hitastig, sem gæti bent til þess að gufa hafi tapast, þ.e. að um söðið djúpvatn sé að ræða.

Efnasamsetning djúpvökva í holu NJ-15 er sýnd í töflu 9. Er þá gert ráð fyrir 280°C hita og mældu vermi. Tiltölulega litlar breytingar eru sjáanlegar milli sýna á styrk órokgjarnra efna, ef undan er skilið aukning á styrk magníums og lækkun á styrk flúors í síðustu tveim sýnunum. Þær breytingar gætu bent til innstreymis á köldu vatni eins og áður hefur verið minnst á. Breytingar á styrk reikulla efna eru aftur á móti mun meiri og stafa að miklu leyti af breytilegu vermi holunnar.

Gas í gufu í holu NJ-15 er að meðaltali 0,28% af þunga miðað við 7 bar-a þrýsting (tafla 10). Samsetning gassins er sýnd í töflu 11. Kolsýra og brennisteinsvetni er samtals um 90% nema í tveim fyrstu sýnunum, en þá er ástand holunnar mest truflað. Vetni er tiltölulega minna en í öðrum holum á svæðinu og skera þær sig helst úr hvað það varðar holur NG-10, NJ-14 og NJ-15. Hlutfallslegur styrkur metans í gufu er svipaður og í holum niðri í dalnum (NG-5, NG-7 og NG-10).

Útreikningar benda til að ópalmettun sé náð við 160°C til 194°C eða 6,2-13,7 bar-a þrýsting (tafla 12). Allar tölurnar nema tvær gefa þó yfir 10 bar-a þrýsting á ópalmettun. Það er því ekki ráðlegt að keyra holuna við lægri þrýsting en 10 bar-a.

TAFLA 6. Efnainnihald í heildarrennsli í holu NJ-15

Sýni nr.	86-5225	86-5228	86-5229	86-5230	86-5236	87-5151	87-5184
Dags.	861205	861206	861207	861212	861229	870514	870706
Po bar	21,0	19,5	18,7	16,7	15,8	14,5	16,2
Ho kJ/kg	2005	1656	1626	1520	1397	1361	1443
SiO ₂	324,6	522,2	558,6	414,2	451,0	606,1	527,1
Na	59,4	87,0	89,3	101,1	109,3	119,5	106,6
K	10,7	15,6	17,0	19,2	20,1	21,6	20,5
Ca	0,12	0,15	0,01	0,03	0,01	0,19	0,27
Mg	0,0003	0,0009	0,0005	0,0005	0,0028	0,041	0,107
SO ₄	11,5	14,2	14,3	12,0	10,5	16,5	9,8
Cl	57,8	102,3	100,0	118,8	135,7	145,8	427,9
F	0,56	0,79	0,82	0,90	0,99	0,57	0,59
CO ₂	1388,3	1046,6	891,3	804,1	723,9	644,8	831,8
H ₂ S	180,8	168,5	143,7	145,2	114,1	106,3	130,8
H ₂	1,19	1,00	0,82	0,68	0,45	0,44	0,50
O ₂ + Ar	1,80	0,00	0,26	0,11	0,42	0,31	3,19
CH ₄	5,25	3,07	2,80	2,04	1,28	1,31	3,11
N ₂	394,4	279,3	125,9	66,2	86,5	81,1	45,0

Styrkur efna er í mg/kg

TAFLA 7. Hlutföll nokkurra efna í rennsli í holu NJ-15

Sýni	CO ₂ /N ₂	H ₂ S/SO ₄	N ₂ /H ₂ S	H ₂ /H ₂ S	CO ₂ /H ₂ S	Na/Cl
86-5225	3,52	15,7	2,18	0,0066	7,68	1,02
86-5228	3,75	11,9	0,40	0,0059	6,21	0,85
86-5229	7,08	10,0	0,88	0,0057	6,20	0,89
86-5230	12,15	12,1	0,46	0,0047	5,54	0,85
86-5236	8,37	10,8	0,76	0,0039	6,34	0,81
87-5151	7,95	6,5	0,76	0,0041	6,07	0,82
87-5184	18,48	13,3	0,34	0,0038	6,36	0,83

TAFLA 8. Efnahiti reiknaður út frá efnasamsetningu vökva úr holu NJ-15

Sýni	TSiO ₂ A	TNaK B	TCO ₂ C	TH ₂ S D	TH ₂ E	TCO ₂ /H ₂ F
86-5225	284	273	234	228	212	202
86-5228	303	273	232	232	215	208
86-5229	313	279	226	228	212	207
86-5230	251	279	226	231	211	206
86-5236	250	276	226	225	207	198
87-5151	288	273	223	224	207	201
87-5184	260	280	230	229	208	196

- A) $t(^{\circ}\text{C}) = -42.198 + 0.28831 (\text{SiO}_2) - 3.6686 \cdot 10^{(-4)} * (\text{SiO}_2)^2 + 3.1665 \cdot 10^{(-7)} * (\text{SiO}_2)^3 + 74.034 * \log (\text{SiO}_2)$ (0-330°C). Fournier og Potter (1982). Styrkur efna í mg/kg.
- B) $t(^{\circ}\text{C}) = 1319 / (1.699 + \log \text{Na/K}) - 273.15$ (250-350°C). Arnórsson o.fl. (1983). Styrkur efna í mg/kg.
- C) $t(^{\circ}\text{C}) = -44.1 + 269.25Q - 76.88Q^2$. Þar sem $Q = \log \text{CO}_2$ (mmole/kg). Arnórsson og Gunnlaugsson (1985).
- D) $t(^{\circ}\text{C}) = 173.2 + 65.04 \log \text{H}_2\text{S}$. Styrkur í mmole/kg. Arnórsson og Gunnlaugsson (1985).
- E) $t(^{\circ}\text{C}) = 212.2 + 38.59 \log \text{H}_2$. Styrkur í mmole/kg. Arnórsson og Gunnlaugsson (1985).
- F) $t(^{\circ}\text{C}) = 311.7 - 66.72 \log (\text{CO}_2/\text{H}_2)$. Styrkur í mmole/kg. Arnórsson og Gunnlaugsson (1985).

TAFLA 9. Efnasamsetning djúpvökva við 280°C og mælt vermi

Sýni	86-5225	86-5228	86-5229	86-5230	86-5236	87-5151	875184
Dags.	861205	861206	861207	861212	861229	870514	870706
Ps bar	13,7	12,7	12,0	11,4	10,2	9,1	10,0
Ho kJ/kg	2005	1656	1626	1520	1397	1361	1443
SiO ₂	646,0	716,7	746,7	507,1	503,0	658,8	545,2
Na	118,2	119,4	119,3	123,8	122,0	130,0	123,0
K	21,3	21,4	22,7	23,5	22,4	23,4	23,6
Ca	0,23	0,21	0,02	0,03	0,01	0,21	0,31
Mg	0,001	0,001	0,001	0,000	0,003	0,045	0,123
SO ₄	22,8	19,4	19,1	14,7	11,8	17,9	11,4
Cl	115,1	140,4	133,6	145,4	151,4	158,5	147,6
F	1,10	1,10	1,10	1,10	1,10	0,60	0,68
CO ₂ (v)	75,3	85,6	82,2	98,6	140,6	133,4	109,9
H ₂ S(v)	41,2	50,7	48,1	59,5	61,9	57,8	53,1
H ₂ (v)	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,02	0,01
O ₂ (v)	0,01	0,00	0,00	0,00	0,01	0,01	0,09
CH ₄ (v)	0,02	0,02	0,02	0,02	0,03	0,03	0,03
N ₂ (v)	2,23	2,88	1,40	1,00	2,28	2,74	0,93
CO ₂ (g)	2708	3614	3281	3928	5724	6434	5486
H ₂ S(g)	321	483	426	525	562	657	632
H ₂ (g)	2,4	3,6	3,2	3,6	4,2	5,3	3,7
O ₂ (g)	3,6	0,0	1,0	0,6	3,9	3,7	23,2
CH ₄ (g)	10,5	11,2	11,0	11,0	12,0	15,8	12,8
N ₂ (g)	789	1018	494	355	807	969	329

Styrkur efna er í mg/kg

TAFLA 10. Gas í gufu við 7 bar-a þrýsting í holu NJ-15

Sýni	Dags.	Gas í gufu, þyngdar %
86-5225	86.12.05	0,31
86-5228	86.12.06	0,32
86-5229	86.12.07	0,26
86-5230	86.12.12	0,25
86-5236	86.12.29	0,27
87-5151	87.05.14	0,25
87-5184	87.07.06	0,27

TAFLA 11. Samsetning gass í gufu (%) við 7 bar-a þrýsting í holu NJ-15

Sýni	CO ₂	H ₂ S	H ₂	O ₂	CH ₄	N ₂	Ar
86-5225	69,38	8,44	0,06	0,10	0,28	21,39	0,35
86-5228	68,73	9,91	0,07	0,00	0,23	20,77	0,29
86-5229	76,98	11,00	0,08	0,03	0,27	12,23	0,21
86-5230	79,39	12,73	0,08	0,01	0,23	7,44	0,12
86-5236	78,53	10,29	0,05	0,05	0,16	10,75	0,16
87-5151	77,83	10,61	0,06	0,04	0,18	11,08	0,20
87-5184	83,01	11,15	0,06	0,36	0,20	5,08	0,14

TAFLA 12. Hitastig ópalmettunar við hvellsuðu í holu NJ-15

Sýni	Ps bar-a	Hitastig ópalmettunar	P(óp) bar-a
86-5225	14,7	181	10,0
86-5228	13,7	190	12,6
86-5229	13,0	194	13,7
86-5230	12,4	161	6,3
86-5236	11,2	160	6,2
87-5151	10,1	184	11,0
87-5184	11,0	187	11,7

7. JÖFNUN ÞRÝSTINGS EFTIR BLÁSTUR

7.1 Lokun holu NJ-15

Undirbúningur að lokun holu NJ-15 hófst 7. júlí með því að mæla hita og þrýsting niður holuna. Í því skyni var lokað fyrir rennsli holunnar kl 13:56, sem þá var um 43,3 kg/s. Holan stóð lokað til kl 17:57 meðan mælingar voru gerðar. Þrýstingur á holutoppi hækkaði fljótlega við lokun úr um 12 bar-g, í um 21 bar-g. Á næstu tveim tímum hækkaði toppþrýstingurinn í um 33 bar-g, en fór síðan lækkandi og var 9 bar-g þegar holunni var hleypt í blástur aftur. Þessar mælingar eru sýndar á myndum 15 og 16 ásamt lauslegum útreikningi á hita og þrýstingi í holunni í blæstri. Reiknað er með einni æð neðst í holunni, lögun holunnar, vermi 1425 kJ/kg, rennsli 45 kg/s og toppþrýstingi 16 bar-a. Þetta samsvarar ekki alveg blástursástandi holunnar, enda er mældur þrýstingur sem borið er saman við

ekki í jafnvægi, þar sem mæld gildi eru eftir rúmlega 10 mínútna lokun efst í holunni og eftir um klukkustundar lokun neðst í holunni. Mynd 17 sýnir svo reiknaða gufumatun í holunni. Af myndum 15-17 má ráða að í blæstri sýður holan í botn og eftir tæpan klukkutíma er vatn á 1500 m dýpi. Því var ákveðið að hafa viðmiðunardýpið fyrir síðari mælingar á 1500 m dýpi, en ekki ofar þó besta æð holunnar væri talin vera á 1422 m dýpi samkvæmt vendipunkti í upp-hitunarmælingum.

Eftir að undirbúningsmælingum lauk blés holan ótrufluð til 13. júlí 1987 að henni var lokað kl. 14:25. Rennsli fyrir lokun var 44,3 kg/s. Þrýstimælir með 3 tíma klukku var settur niður og var á 1500 m dýpi kl. 14:39. Rúmum tveim tímum síðar var mælirinn tekinn upp og kom þá í ljós að klukkan hafði aðeins gengið í tæpa klukkustund á 1500 m dýpi. Skipt var um klukku og mælirinn settur niður aftur. Um tveim tímum síðar var mælirinn tekinn upp

á ný og nú sett í hann 12 tíma klukka, áður en hann fór niður aftur. Mælirinn var svo tekinn upp um 5 tímum síðar eða aðfaranótt 14. júlí. Þá var ákveðið að nóg væri að taka næstu mælingar síðar um daginn og þá með hefðbundnu sniði.

Nánara yfirlit yfir mælingar af 1500 m dýpi í holunni er að finna í töflu 13 og eru þær sýndar á mynd 23. Mældir þrýsti- og hitaferlar í holunni fram til 6. október 1987 eru birtir í töflum 1-13 í viðauka og sýndir á myndum 18-22.

7.2 Holutoppsþrýstingur við lokun

Fyrir lokun blés holan við um 16,5 bar-g þrýsting á holutoppi. Við lokun þann 13. júlí hækkaði þrýstingurinn nær strax í 27,5 bar-g, en steig síðan rólega og var um 31 bar-g um hálf tíma eftir lokun. Hámarki náði toppþrýstingurinn tveim tímum eftir lokun, 34,5 bar-g og byrjaði síðan að falla. Fjórum tímum eftir lokun hafði þrýstingurinn síðan lækkað í rúm 24 bar-g og tveim tímum seinna hafði hann fallið í um 15 bar-g. Hálfum sólarhringi eftir lokun var þrýstingurinn fallinn í 6 bar-g. Þegar toppþrýstingurinn var athugaður kl. 10:30 þann 14. júlí var hann 4,2 bar-g og hafði þá lækkað mjög hægt síðustu klukkutímuna og var sólarhringi eftir lokun 3,2 bar-g. Næst þegar holan var athuguð þann 16. júlí kl. 11:25 var enn örlítill þrýstingur á toppnum eða 0,3 bar-g sem minnkaði meðan holan var mæld og hefur holan líklega orðið þrýstingslaus á holutoppi síðar um daginn. Þann 19. júlí þegar holan var næst mæld var "lofttæmi" í toppnum og holan komin með vatnsborð á um 144 m dýpi.

7.3 Þrýstingsjöfnun holunnar

Í upphitun holunnar eftir borun í október 1985 var vendipunktur í þrýstimælingum ákvarðaður á rúmlega 1400 m dýpi, en undirbúningsmælingar fyrir lokun holunnar sýndu að holan sauð sig í botn og að eftir um klukkustundar lokun væri vatnsborð fyrir neðan 1400 m dýpi. Því var ákveðið að

viðmiðunardýpi fyrir þrýstimælingar sem gerðar yrðu við og eftir lokun holunnar yrði á 1500 m dýpi. Upphafsprýstingur jarðhita-kerfisins á 1500 m dýpi var mældur á bilinu 114,0-114,4 bar-g. Berghiti á sama dýpi er talinn vera 268°C.

Holan var sett í blástur 4. desember 1986, kl. 14:03. Í fyrstu var rennslið úr holunni um 58 kg/s, en minnkaði á næstu tveim til þrem dögum í tæp 48 kg/s. Á næstu tveim mánuðum minnkaði rennslið niður í um 45 kg/s. Þannig hélst rennslið að jafnaði þar til holunni var lokað 13. júlí 1987 klukkan 14:25, þó með nokkrum sveiflum. Fyrir lokun var rennslið úr holunni 44,3 kg/s. Sé miðað við að rennslið hafi verið 44,3 kg/s frá upphafi blásturs holunnar var blásturstíminn orðinn 5398 klst. Magnið sem hefur verið tekið úr holunni er um 0,86 milljónir tonna.

